



909. fundur stjórnar GSÍ, 11.03.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, Gunnar K. Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 908. fundar var samþykkt og undirrituð

2. Tölvukerfi GSÍ og aukagolfþing

Tillaga IT nefndar GSÍ til stjórnar GSÍ frá því á formannafundi 2018 var rædd. Haukur Örn fór yfir samantekt af kynningarfundum Golfbox sem Martin Grön starfsmaður Golfbox hélt að beiðni IT nefndar GSÍ fyrir forsvarsfólk golfhreyfingarinnar síðastliðinn laugardag. Mæting á fundinn var góð en um 50 fulltrúar frá 20 golfklúbbum mættu til að kynna sér hvað Golfbox tölvukerfið hefur upp á að bjóða. Haukur fjallaði einnig næstu skref í ferlinu. Bergsteinn Hjörleifsson, formaður IT nefndar GSÍ, fór yfir helstu atriði og samningsmarkmið sem enn standa út af borðinu í þeim samningsdrögum sem liggja fyrir á milli Golfbox og GSÍ. Vonir standa til að stjórn GSÍ geti fjallað um fullbúinn samning frá Golfbox á næsta stjórnarfundum og tekið afstöðu til hans í framhaldinu. Stefnt er að halda samningaviðræðum áfram í vikunni. Um leið og viðræðunum lýkur með endanlegum samningsdrögum þá mun IT nefnd senda þau til stjórnar, ásamt greinargerð og tillögu sinni.

Boðað hafði verið til aukagolfþings skv. lögum GSÍ þann 23. mars. Þar sem samningaviðræður við Golfbox hafa dregist er ljóst að fullbúinn samningur verður ekki tilbúinn, svo unnt verði að taka afstöðu til hans á stjórnarfundum og senda út fundargögn með lögboðnum hætti á golfklúbba. Af þeim sökum var tekin sú ákvörðun að fresta aukapönginu fram til 11. maí. Stjórn telur mikilvægt að gefa golfklúbbum nægan tíma til þess að kynna sér fundargögn þingsins vel..

Stjórn samþykkti að fela forseta, framkvæmdastjóra og formanni IT nefndar að eiga viðræður við framkvæmdastjóra IOS með það fyrir augum að ljúka við þjónustusamning vegna ársins 2019.



3. Stefnumótun GSÍ

Eggert Á. Sverrisson fór ítarlega yfir tímalínu á stefnumótunavinnu GSÍ auk þess að afhenda formönnum starfsnefnda leiðbeinandi skjal með næstu skrefum. Skil starfsnefnda á næsta áfanga til stýrihóps eru eigi síðar en 5. apríl.

Farið var í gegnum framsetningu Gallup á niðurstöðum skoðanakannanna en formenn starfsnefnda hafa þær nú einnig undir höndum. Í komandi viku verða niðurstöður sendar stjórnnum golfklúbba og framkvæmdastjórum.

4. Önnur mál

- Næsti fundur var ákveðinn 20. mars nk. kl.18:00 að því gefnu að fullbúin samningsdrög frá Golfbox liggja fyrir.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:20